



Siðareglur bæjarfulltrúa Kópavogs

- Við störfum í þágu allra Kópavogsbúa með opnu samtali, virku upplýsingaflæði og hlustum á ólík sjónarmið. Farsæld íbúanna er okkar hjartans mál.
- Við stöndum vörð um fjármuni bæjarins og förum vel með eigur hans enda er traustur rekstur undirstaða farsældar og vaxtar.
- Við nýtum ekki stöðu okkar eða upplýsingar fengnar í starfi í þágu eigin hagsmuna eða hagsmuna tengdra aðila.
- Við störfum af heilindum og ábyrgð, sýnum háttvísi og berum virðingu fyrir skoðunum annarra.
- Það á að vera gott að vinna hjá Kópavogsbæ og í því augnamiði virðum við hlutverk og störf starfsmanna, sýnum kurteisi og tillitssemi í samskiptum við þá.
- Við kynnum okkur málin, komum undirbúin til starfa, segjum satt og rétt frá, gætum trúnaðar og sýnum sanngirni í hvívetna.